

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 172/2012

2012/EES/70/20

frá 28. september 2012

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/485/ESB frá 29. júlí 2011 um breytingu á ákvörðun 2005/50/EB um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5cr (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 D 0485**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/485/ESB frá 29. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 71).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/485/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 71.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.